

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 161/1954. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Jóni Vídalín Markússyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Berg-
 steinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borg-
 ardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Sjálfræðissvipting. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem getur í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um, að Jón Vídalín Markússon skuli sviptur sjálfræði.

Af hendi valdstjórnar hefur eigi verið krafizt málskostnaðar úr hendi Jóns Vídalíns. Er því rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað og dæma á hendur ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700,00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari átti að nefna úrlausn sína dóm, en ekki úrskurð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 700,00 til hvors.

Sératkvæði Theodórs B. Líndals prófessors.

Í lögum nr. 60/1917, um lögræði, voru ákvæði ekki skýr um meðferð mála til sviptingar lögræðis.

Lögin urðu þó ekki skilin á annan veg en þann, að farið skyldi eftir reglum um meðferð almennra lögreglumála. Af

því leiddi m. a., að lögsögu í málum um lögræðissviptingu hafði sá dómari, er fór með opinber mál.

Í 10. gr. laga nr. 95/1947 segir, að rannsókn málavaxta í málum til sviptingar lögræðis skuli fara að hætti opinberra mála og hin eldri regla staðfest að því leyti. En með lögum nr. 95/1947 voru auk þess sett ýmis sérákvæði um aðild, varnarþing, málskostnað o. fl. Eitt slíkra sérákvæða er í 8. gr. Þar segir, að í Reykjavík skuli borgardómari þar fara með mál til lögræðissviptingar.

Ýmis eðlisrök lágu til þess, að vikið var frá hinum almennu reglum að þessu leyti, einkum þau, að um mjög persónuleg mál er að ræða, er snerta einkahagsmuni og eru því í eðli sínu fyrst og fremst einkamál.

Í lögum nr. 27/1951 er þess hvergi getið, að nein ákvæði laga nr. 95/1947 séu úr gildi felld. En ef það var tilætlun löggjafans að fella úr gildi þau sérákvæði, sem lög nr. 95/1947 höfðu að geyma, varð sá vilji að koma skýrt og greinilega í ljós.

Upphafsákvæði 2. gr. laga nr. 27/1951 kveður ekkert á um aðild að þeim málum, sem greinin fjallar um, og orðin „rannsókn og meðferð“ er eðlilegast að skilja á þann veg, að sérákvæði laga nr. 95/1947 haldi gildi, þótt hinum almennu reglum á meðferð málanna væri breytt.

Ég fæ því ekki séð, að 4. liður 2. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1951, breyti því sérákvæði 8. gr. laga nr. 95/1947, að í Reykjavík fari borgardómari þar með mál til sviptingar lögræðis.

Samkvæmt framangreindu verður atkvæði mitt á þá leið, að öll meðferð málsins verði ómerkt og því vísað frá hér- aðsdómi.

En þar sem sú úrlausn fær ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1954.

Ár 1954, mánudaginn 26. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp úrskurður í sjálfræðissviptingar-

málinu: Valdstjórnin gegn Jóni Vídalín Markússyni, sem tekið var til úrskurðar nú samdægurs.

Málið er þannig til komið, að með bréfi, dags. 1. júlí sl., krafðist dómsmálaráðuneytið þess, að Jón Vídalín Markússon sjómaður, til heimilis í Háagerði 43 hér í bæ, fæddur 4. marz 1917 í Reykjavík, yrði sviptur sjálfræði sínu sakir drykkfelldni, í því skyni, að hægt væri að ráðstafa honum á hæli til lækninga.

Krafa þessi er rökstudd með því, að Jón Vídalín hafi um nokkurt árabil verið mjög drykkfelldur. Hefur lögreglan þurft að hafa mikil afskipti af honum sakir ölvunar hans á almannafæri og ýmiss konar óreglu. Í ár hefur hann oftlega verið settur í fangageymslu lögreglunnar sakir ölvunar, auk þess sem hann hefur iðulega gist þar drukkinn, án þess að það væri fært til bókar lögreglunnar.

Lögð hafa verið fram í málinu ýmis gögn kröfunni til stuðnings. Af gögnum þessum kemur fram, að lögreglan hefur þurft að hafa mikil afskipti af Jóni Vídalín sakir ölvunar hans á almannafæri. Þannig sýnir sakavottorð hans, að hann hefur síðan 1935 hlotið nærri 70 sinnum sektir fyrir ölvun á almannafæri, frá kr. 25,00 til kr. 500,00 hvert sinn. Lagt var og fram vottorð Áfengisvarnarstöðvar Reykjavíkur, dags. 22. júlí sl. Í vottorði þessu segir, að Jón Vídalín hafi oft mætt í skrifstofu áfengisvarnarstöðvarinnar. Er hann skv. vottorði þessu „krónískur alkóhólisti“, sem þarfnast hælisvistar. Jón Vídalín þáði framfærslustyrk árið 1945, að upphæð kr. 69,50.

Jón Vídalín mótmælti sjálfræðissviptingarkröfunni. Hann kvað það rétt, að hann væri mjög drykkfelldur, en ástæðuna kvað hann þá, að hann væri sjúkur maður. Þjáir hann svefnleysi. Hann er með lamaða hönd. Hefur hann því ekkert unnið síðan í fyrra haust. Hann er einhleypur og hefur engan á framfæri. Hann hefur viljað hætta að drekka, en ekki getað það.

Samkvæmt gögnum málsins og framburði Jóns Vídalíns sjálfs eru leiddar sönnur að því, að Jón Vídalín sé ofdrykkjumaður, er af þeim sökum hafi þráfaldlega raskað opinberum hagsmunum. Því ber samkvæmt 3. tl. 5. gr. 1. nr. 95 frá 1947, um lögræði, að taka fram komna kröfu til greina og svipta Jón Vídalín Markússon sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Ákveða ber skv. 2. mgr. 15. gr. 1. nr. 95/1947, að allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Jóns Vídalíns, Sigurðar Baldurssonar hdl., er þykir hæfilega ákveðin kr. 400,00.

Ályktarorð:

Jón Vídalín Markússon sjómaður, Háagerði 43 hér í bæ, fæddur 4. marz 1917 í Reykjavík, skal sviptur sjálfræði.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Jóns Vídalíns, Sigurðar Baldurssonar hdl., að upphæð kr. 400,00.